



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Mars 2018



1. mars 2018

Febrúar að baki með sína rysjóttu tíð, marsmánuður framundan með hækkandi sól og aukinni birtu.

Skólastarfið hefur verið líflegt síðustu vikur og örugglega ekki lát á því þar sem árs hátíðar- undirbúningur er að komast á fullt skrið. Hér ríkir gleði og spenningur eftir komandi vikum. Það eru oddatölubekkirnar sem æfa atriði fyrir árs hátíðarsýningar. Einnig er 2. bekkur að æfa atriði sem verður á sviðinu á fimmtudagsmorgni í árs hátíðarvikunni. Þá koma allir í skólanum saman í salnum þar sem veittar eru viðurkenningar fyrir ljóða- og myndlistarkeppni og tilkynnt val á íþróttadrengr og íþróttastúlku Glerárskóla. Samstaðan og gleðin á svona samkomum er það sem skiptir máli og einnig að gleðjast yfir velgengni annarra. Þannig geta allir verið sigurveggarar. Sem sagt skemmtilegar vikur framundan.

Nánari upplýsingar um árs hátíðina eru hér á næstu síðum.

Við stefnum á Fjallið þann 6. mars og vonum að veðrið leiki við okkur þann dag. Nemendur í 4. –10. bekk sem ekki eiga útbúnað geta fengið lánuð skíði eða bretti og því geta allir verið með. Yngri börnin koma með skíðin sín, sleða eða þoturassa. Þá verður boðið upp á gönguferð fyrir þá nemendur sem ekki vilja renna sér í brekkunum. Útivist er alltaf hressandi og það er skemmtilegt að vera með þeim sem maður þekkir að leik í fjallinu

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar hér á Akureyri verður haldin í Kvosinni í Menntaskólanum þann 7. mars kl. 17:00. Fulltrúar Glerárskóla þetta árið eru Elín Dögg, Emma Ósk og Fannar Breki nemendur í 7. bekk.

Þá er það yndislesturinn, gefðu barninu þínu fimmtán mínútur á dag, lestu fyrir það eða hlustaðu á það lesa upphátt fyrir þig. Þetta er gæðastund sem skiptir máli.

Við viljum minna foreldra á að þeir eru alltaf velkomnir í skólann okkar. Endilega komið og kikið í kennslustundir ef þið eigið lausan tíma.

„Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!“

Hlökkum til að sjá ykkur,

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,

Helga, Tómas Lárus og Aðalheiður

Samræmd próf

Samræmd próf verða lögð fyrir í 9. bekk dagana 7. –9. mars. Prófin eru rafræn og er próftími 150 mínútur

7. mars íslenska

8. mars stærðfræði

9. mars enska

7. tbl. 7. árg

Til umhugsunar:

- Metnaður
- Dugnaður
- Árangur
- Gleði

Efnisyfirlit:

Mars	1
Samræmd próf	1
Árs hátíð	2
Sýningar og böll tímasetningar	2
Sýningar/böll aðgangseyrir	3
Kaffihúsið	3
Útivistardagur Hlíðarfjall	3
Útvarp Glerárskóli	3
Skjátími	4
Starfamessa	4
Þáskaleyfi	4



Árshátíð Glerárskóla 21. og 22. mars 2018

Árshátíð Glerárskóla er mikilvægur liður í skólastarfinu. Nemendur í oddatölubekkjunum sjá um atriði á sviði og mæta þeir á allar sýningar samkvæmt skipulagi frá umsjónarkennara.

Nemendaráð skólans gegnir stóru hlutverki við umgjörð árshátíðarinnar, undirbúning og skipulag ásamt 10. bekkjum sem sjá um skreytingar og margt fleira. Hefð er fyrir því að 10. bekkjar borði saman ásamt umsjónarkennara fyrir ballið á fimmtudeginum. Matargerðin er í höndum nemenda í 10. bekk undir styrki leiðsögn Þóru Gígu. Auk þess að borða góðan mat er ýmislegt skemmtilegt brallað, fyrri ár í skólanum rifjuð upp og gert góðlátlegt grín að dagsins önn.



Árshátíðarsýningar og böll—tímasetningar

Sýningar og böll eru í íþróttahúsinu.

Miðvikudagur 21. mars

Hefðbundin kennsla er til kl. 13:15.

Að venju eru tvær sýningar á **miðvikudegi** þ.e. kl. 17:00 og kl. 19:30.

Kaffihús er opið frá kl. 18:30—19:30 í matsalnum.

Fimmtudagur 22. mars

Hefðbundin kennsla er til kl. 13:15.

Sýning kl. 15:30.

Kaffihús er opið frá kl. 17:00—19:00.

Ball fyrir 1.—4. bekk hefst kl. 17:45 og stendur til kl. 19:00 (enginn aðgangseyrir). Nemendum í 5. bekk er velkomið að taka þátt í því balli.

Ball fyrir nemendur í 5.—8. bekk hefst kl. 20:00. Nemendur í 5. og 6. bekk fara heim kl. 21:30 og nemendur í 7. bekk kl. 22:00. Eftir það er ballið eingöngu fyrir nemendur í 8.—10. bekk og stendur það til kl. 23:30.



Föstudaginn 23. mars hefst kennsla kl. 9:55.

Sýningar og böll— aðgangseyrir

Auk þess að gegna mikilvægu hlutverki í menntun nemenda er árshátíðin fjáröflun fyrir vettvangsferðir og skólaferðalög og fær hver bekkur hluta af innkomunni í sinn bekkjarsjóð. 10. bekkur fær þó stærri hlut og er kaffihúsið eingöngu fjáröflun 10. bekkjar.




Verð á sýningu er kr. 500 fyrir börn á grunnskólaaldri og kr. 800 fyrir fullorðna. Frítt fyrir börn undir grunnskólaaldri.

Sjoppan er opin á yngri barna ballinu og kostar bland í poka 250 kr. og Svali 100 kr.

Árshátíðarball fyrir nemendur í 5.—7. bekk kostar 700 kr. og 1.500 fyrir 8.—10. bekk.

Kaffihúsið

Kaffihús nemenda í 10. bekk og foreldra þeirra verður starfrækt á milli sýninga á **miðvikudeginum** eða kl. 18:30—19:30 í matsal skólans og á **fimmtudeginum** frá kl. 17:00—19:00. Þar verða til sölu drykkir og brauð af hlaðborði á kr. 1000 en kr. 500 fyrir 6 ára og yngri.



Útvarp Glerárskóli

Sendir út dagana 12.-17. mars á fm 105,5. Dagskrá er frá kl. 14-17 mánudag—fimmtudags og frá kl. 14-16 á föstudegi.

Útivistardagur í Hlíðarfjall

Þann 6. mars er stefnt á útivistardag í Hlíðarfjalli.

Þá förum við á skíði, sleða, bretti og gönguferðir og njótum útivistar saman. Nemendur í 4.-10. bekk geta fengið útbúnað að láni í Fjallinu en við viljum benda á að það er ekki skíðakennsla í boði.

Það hefur borið á því undanfarið að þegar uppbrotsdagar eru í skólanum að nemendur eru hringdir inn veikir. Það finnst okkur miður.

Við vonum að allir nemendur mæti með okkur í fjallið og að við eigum góðan dag saman við leik og útiveru.

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá
kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún
opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerskoli@akureyri.is


Heimasíða: www.glerskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Við erum á
Facebook:

Skjátími



Starfamessa var haldin fyrir nemendur í 9. og 10. bekk þann 23. febrúar í HA. Þar fengu nemendur kynningu á mörgum fyrirtækjum atvinnulífisins á Akureyri, jafnframt kynntu hinar ýmsu starfstéttir störf sín.

Nemendur létu vel af þessum kynningum.



Páskaleyfi

Páskaleyfi nemenda hefst að loknum skóladegi þann 23. mars.

Fyrsti skóladagur eftir páska er þriðjudagurinn 3. apríl.

Gleðilega páska

